

Fjallskilanefndir Víðdælinga og Grímstungu- og Haukagilsheiðar komu saman föstudagskvöldið 26. júní kl. 21:00 á Sindrastöðum.

Júlíus Guðni Antonsson setti fund og stjórnaði. Maríanna Eva Ragnarsdóttir skrifaði fundargerð.

Júlíus kynnti þá hugmynd að falla frá flýtingu fyrr gangna vegna þess hve gróður er seinn fyrir. Réttir yrðu þá 11. og 12. september eins og reglugerðin segir til um.

Ákveðið að nefnd Grímstungu- og Haukagilsheiðar kynni þessa tillögu heima í héraði og tilkynni okkur hið fyrsta hver niðurstaðan verði.

Meiri líkur en minni eru á því að Víðdælingar segi sig frá þessu samkomulagi og fari í göngur skv. reglugerð.

Ýmis önnur mál rædd, ma. tímasetning heimalandasmalana og seinni gangna, girðingar og ýmis samskiptamál.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 23:15

Maríanna Eva Ragnarsdóttir

Júlíus Guðni Antonsson

Sigtryggur Sigurvaldason

Magnús Pétursson

Birgir Gestsson

Sigrún Hauksdóttir